

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kvistalundur 8, L170459 og Kvistalundur 10, L208476, sameining lóða.
Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Veiðilundar, frístundabyggðar í landi Miðfells. Í breytingunni felst að lóðirnar Kvistalundur 8, L170459, og Kvistalundur 10, L208476, verða sameinaðar í eina lóð 4.400 m² að stærð. Byggingarreitir lóðanna verða sameinaðir og samanlagt nýtingarhlutfall lóðanna helst óbreytt.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. mars 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2025